

Ársskýrsla Blindrafélagsins samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi fyrir starfsárið 2023-2024



BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Ársskýrsla Blindrafélagsins
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
fyrir starfsárið 2023-2024

Efnisyfirlit	1
Ársskýrsla Blindrafélagsins	3
Stjórn	3
Starfsmenn	3
Rekstrarniðurstaða	4
Aðal-, félags- og stjórnarfundir	4
Niðurstöður úr traustsmælingu Gallup	5
Verkefni og fjáraflanir	5
Vörusala og tækjaleiga.....	6
Þjónustusamningar og styrkir.....	6
Styrkur frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu fyrir árið 2023.....	6
Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg	6
Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands	6
Aðrir styrkir og gjafir	6
Bakhjarlar.....	6
Happdrætti	7
Víðsjá.....	7
Jóla kort	7
Leiðsöguhundaverkefnið.....	7
Fyrirtækjasöfnun.....	8
Rekstur Hamrahlíðar 17	8
Útleiga á húsnæði.....	8
Stækkun Hamrahlíðar 17	8
Áhersluverkefni og ferðaþjónusta	8
Ferðaþjónusta	8
Réttindagæsla.....	9
Alþjóðasamstarf.....	9
Tæknimál og tækniráðgjöf.....	10
Talgervilsraddirnar Karl og Dóra	10
Vefvarp Blindrafélagsins	10
Vefpula	10
Máltækniáætlun	10
Símarómur	11
BlindShell-farsímar.....	11
NaviLens.....	11
Mötuneyti Blindrafélagsins	12
Útgáfa og upplýsingaflæði	12
Félagsmál og jafningjastuðningur	13
Félagsmálafulltrúi og trúnaðarmenn.....	13
Trúnaðarmenn.....	14
Félagsstarfið	14
Opíð hús	14
Foreldradeild	15
Skemmtinefnd	15
Bókmenntaklúbbur	16
Sjónlýsingar	16
Heilsuklúbbur Blindrafélagsins	16
Molar og kaffi.....	17

Prjónakaffi	17
Retina Ísland	17
Samstarfsaðilar innanlands	17
Lokaorð formanns	18
<i>Aðrar skýrslur</i>	<i>19</i>
Blindravinnustofan	19
Sjónstöðin	20
Hljóðbókasafnið	22

Ársskýrsla Blindrafélagsins

Ársskýrsla Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2023–2024 gerir grein fyrir helstu áherslum, nýjungum og áskorunum í starfi félagsins á starfsárinu. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í ársreikninga, fundargerðir aðal-, félags- og stjórnarfunda sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Stjórn

Í stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2023–2024 voru eftirfarandi:

Sigþór U. Hallfredsson, formaður (2022–2024)

Rósa María Hjörvar, varaformaður (2022–2024)

Kaisu Kukka-Maaria Hynninen, ritari (2023–2025)

Ásdís Evlalía Guðmundsdóttir, varamaður (2022–2024)

Guðmundur Rafn Bjarnason, varamaður (2023–2025)

Halldór Sævar Guðbergsson, varamaður (2023–2025)

Sandra Dögg Guðmundsdóttir (2022–2024)

Unnur Þöll Benediktsdóttir, stjórnarmaður (2023–2025)

Þórarinn Þórhallsson, varamaður (2022–2024)

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosin til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þau sem voru kosin fyrir tveimur árum og eru þar með að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru:

Ásdís Evlalía Guðmundsdóttir

Rósa María Hjörvar

Sandra Dögg Guðmundsdóttir

Sigþór U. Hallfredsson

Þórarinn Þórhallsson

Starfsmenn

Alls starfaði 21 einstaklingur hjá félaginu í 12,83 stöðugildum. Breytingar urðu á starfsmannaskipan félagsins á árinu. Eftirtaldir aðilar hófu störf undir lok ársins 2023: Daníel Anton Benediktsson, Júlía Bríet Baldursdóttir og Rúna Garðarsdóttir. Margrét Pálsdóttir lét af störfum á árinu 2023.

Starfsmenn félagsins á árinu voru:

Ásrún Harðardóttir, afgreiðsla

Baldur Snær Sigurðsson, tækni- og tölvuráðgjafi

Daníel Anton Benediktsson, félagsmálafulltrúi og húsvörður í afleysingum

Dagný Kristmannsdóttir, trúnaðarmaður

Friðrik Steinn Friðriksson, fjáröflunarfulltrúi og hönnuður
Guðvarður Birgir Birgisson, húsvörður
Gunnar Már Óskarsson, afgreiðsla
Helga Friðriksdóttir, trúnaðarmaður
Hildur Björnsdóttir, gjaldkeri og umsjónarmaður ferðaþjónustunnar
Ingólfur Garðarsson, fjáröflunarfulltrúi
Júlía Bríet Baldursdóttir, félags- og markaðsmál
Jón Helgi Gíslason, trúnaðarmaður
Katrín Gunnarsdóttir, ræstingar
Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri
Kristín Waage, bókarí
Lára Kristín Lárusdóttir, verkefnastjóri skrifstofu
Marjakaisa Matthíasson, alþjóða- og félagsmálafulltrúi
Mónika Elísabet Kjartansdóttir, samskiptastjóri
Rúna Garðarsdóttir, félagsmálafulltrúi
Sigþór U. Hallfredsson, formaður
Þórkátla Norðquist, matartæknir í eldhúsi

Það er stefna Blindrafélagsins að gefa blindum og sjónskertum einstaklingum færi á að starfa fyrir félagið. Hefur það m.a. verið gert með því að haga starfslýsingum þannig að þær séu ekki útilokandi fyrir blinda eða sjónskerta einstaklinga. Það er því sérstaklega ánægjulegt að greina frá því að af þeim 21 starfsmanni sem talinn er upp hér að framan eru 12 blindir eða sjónskertir.

Rekstrarniðurstaða

Heilt yfir gekk reksturinn vel á árinu, heildarvelta félagsins á árinu 2023 nam 321,1 m.kr. sem er 17,6 m.kr. aukning frá 2022. Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir var jákvæð um 13,1 m.kr. Að meðtöldum fjármagnsliðum og afskriftum var afkoman neikvæð um 5,8 m.kr. Sjá nánar í ársreikningnum.

Aðal-, félags- og stjórnarfundir

Aðalfundur Blindrafélagsins var haldinn 13. maí 2023 með hefðbundnum hætti og í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom. Einnig var hægt að hlusta á hann í beinni útsendingu í Vefvarpinu.

Félagsfundur var haldinn 29. nóvember 2023 í Hamrahlíð 17, einnig sem fjarfundur í gegnum Zoom og í útsendingu í Vefvarpinu. Á fundinum var fjallað um þjónustu sveitarfélaga við blint og sjónskert fólk.

Annar félagsfundur var haldinn 13. mars 2024. Á fundinum voru kynntar tillögur að nýju örorkulífeyriskerfi og starfsemi Bjarkarhlíðar sem sinnir þjónustu fyrir þolendur ofbeldis.

Niðurstöður úr traustsmælingu Gallup

Helstu niðurstöður eru þessar:

62% svarenda bera mikið traust til Blindrafélagsins sem er mjög svipað og í fyrra þegar það var 60%. Þá mælist meðaltalið 4,9 á skalanum 1–7 og er það óbreytt frá fyrri mælingu. Meðaltal allra mældra stofnana er 4,4 svo meðaltal Blindrafélagsins er talsvert hærra en meðaltal allra.

Traust til Blindrafélagsins er meira hjá konum (5,0) en körlum (4,8) og við sjáum líka að traust karla til Blindrafélagsins lækkar marktækt á milli mælinga (úr 5,0 í 4,8). Ekki er munur á trausti til Blindrafélagsins eftir menntun.

23% svarenda þekkja vel til starfsemi Blindrafélagsins sem er nánast óbreytt frá í fyrra. Meðaltalið er 2,9 og lækkar úr 3,0 frá í fyrra en það telst ekki marktæk breyting. Meðaltal allra mældra stofnana þetta árið er 3,2 á skalanum 1–5 svo meðaltal Blindrafélagsins er 0,3 undir meðaltali allra hvað þekkingu til starfsemi varðar.

Verkefni og fjáraflanir

Rekstur Blindrafélagsins og þau verkefni sem félagið sinnir eru mjög háð fjáröflunum félagsins. Meira en helmingur af rekstrarfé félagsins (60%) kemur í gegnum fjáraflanir meðal almennings. Árangur í fjáröflunum byggir mikið á því jákvæða orðspori sem félagið nýtur meðal almennings. Það er mikilvægt að vera á tánum því að aðstæður breytast í sífellu og samkeppni er almennt að harðna. Fleiri félagasamtök halda úti svipuðum fjáröflunum og Blindrafélagið og leita eftir styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Framlög fyrirtækja eru mjög háð sveiflum í atvinnulífinu og það hefur sýnt sig að það getur verið fallvalt að treysta of mikið á fjárhagsstuðning fyrirtækja. Mikilvægt er jafnframt að draga eftir föngum úr kostnaði og reyna að gera hvert verkefni eins hagkvæmt og kostur er.

Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum. Aukin áhersla hefur verið lögð á að nýta samfélagsmiðlana til að vekja athygli á fjáröflunum félagsins.

Á árinu 2023 skiluðu fjáraflanir félagsins 83,7 m.kr. umfram beinan og sameiginlegan kostnað á móti 85 m.kr. árið á undan.

Vörusala og tækjaleiga

Tekjur af vöru- og þjónustusölu og tækjaleigu á árinu voru 25,5 m.kr. Þetta er 3,6 % hækkun frá fyrra ári. Blindrafélagið selur ýmiss konar vörur sem framleiddar eru með þarfir blindra og sjónskertra í huga, eins og t.d. aðgengislausnir, bæði stafrænar og ferilslausnir. Að auki selur félagið Þríkrossinn og vörur frá Blindravinnustofunni. Félagið leigir einnig út hjálpartæki eins og Vefvarpið og lestrartæki. Í vefverslun félagsins eru myndir og verð á öllum hlutum sem þar eru seldir. Félagið vill með þessu bæta framboð af hjálpartækjum og lítur á þessa starfsemi sem aukna þjónustu við félagsmenn.

Þjónustusamningar og styrkir

Styrkur frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu fyrir árið 2023

Blindrafélagið hefur undanfarin ár fengið rekstrarstyrk frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Fyrir árið 2023 nam rekstrarstyrkurinn 15 m.kr. Að auki styrkir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið íslenskunámskeið Blindrafélagsins. Sá styrkur var færður á verkefnasjóð.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Samningurinn vegna 2023 hljóðaði upp á 3 m.kr.

Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands

Öryrkjabandalag Íslands veitir aðildarfélögum sínum árlega rekstrarstyrki og styrki til ýmissa verkefna. Styrkur ÖBÍ til Blindrafélagsins á árinu 2023 var 9,3 m.kr. Auk grunnreksturs styrkti ÖBÍ eftirtalin verkefni Blindrafélagsins: NaviLens og Hable. Sá styrkur var færður á verkefnasjóð.

Aðrir styrkir og gjafir

Ýmsir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum og margir þeirra vilja ekki láta nafns síns getið. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.

Bakhjarlar

Bakhjarlar Blindrafélagsins telja nú tæplega 7.000 manns. Bakhjarlakerfið skilaði 67,1 m.kr. tekjum umfram gjöld á árinu 2023, á móti 53,1 m.kr. 2022. Samstarfið við Takk hélt áfram frá fyrra ári. Samstarfið við Takk felst í því að starfsfólk Takk hringir í fólk og býður því að gerast bakhjarlar félagsins með því að greiða fast mánaðarlegt bakhjarlagjald. Að meðaltali greiða bakhjarlar um 2.000 kr. á mánuði. Fríðindi sem fylgja mánaðarlegu bakhjarlagjaldi eru sjóntrygging vegna slysa, tímaritið Víðsjá og leiðsöguhundadagatal.

Happdrætti

Happdrætti Blindrafélagsins er ein mikilvægasta fjáröflun félagsins og hefur verið í mörg ár. Happdrættið fer fram tvisvar á ári, sumarhappdrætti með útdrætti í júlí annars vegar og desember hins vegar. Gefin voru út 60.000 miðanúmer í hvoru happdrætti.

Miðar voru sendir til landsmanna á aldrinum 30–88 ára. Sem fyrr fengu þeir sem eru 60 ára og eldri sína miða senda á pappír en þeir yngri fengu einungis rafræna miða. Sala í gegnum samfélagsmiða hefur aukist verulega frá því að byrjað var á kynningum í gegnum þá.

Miðaverð var 3.300 kr. Happdrættið skilaði félaginu 28,2 m.kr. afkomu á árinu þegar allur beinn og sameiginlegur kostnaður hafði verið reiknaður sem er 10 m.kr. lakari afkoma en 2022.

Víðsjá

Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kom að vanda út tvisvar á árinu 2023. Um leið og Víðsjá er mikilvæg sem mál gagn Blindrafélagsins er blaðið einnig mikilvægt fjáröflunarverkfæri. Tekjurnar sem félagið hefur af Víðsjá liggja í valkröfum sem sendar eru þeim sem fá blaðið sent og auglýsingum og styrktarlínunum. Á árinu 2023 skilaði Víðsjá 11,9 m.kr. í tekjur umfram kostnað miðað við 15,3 m.kr. árið 2022.

Jóla kort

Tekjur af jóla kortasölu á árinu umfram kostnað var 1,3 m.kr. samanborið við 2,4 m.kr. árið 2022.

Salan fer að mestu fram með útsendingu á jóla kortapökkum til félagsmanna, bakhjarla og annarra áskrifenda. Alls voru sendir út um 1.200 pakkar ásamt valkröfum að upphæð 2.800 kr.

Leiðsöguhundaverkefnið

Í árslok voru 14 leiðsöguhundar starfandi á Íslandi.

Leiðsöguhundadagatal Blindrafélagsins er hugsað sem kynning á leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar. Á árinu 2023 var dagatalið gefið út í 11.500 eintökum.

Áframhald var á kassasölu hjá Bónus, Samkaupum, Nettó og A4, dagatalið var selt á 2.200 kr. Samtals seldust 2.200 eintök. Send voru út um 3.400 dagatöl

ásamt valkröfu upp á 2.450 kr. Afkoma á árinu 2023 var jákvæð upp á 5,8 m.kr. samanborið við 6,8 m.kr. á árinu 2022.

Framlög og söfnunarfé til leiðsöguhundaverkefnisins á árinu var 1,1 m.kr.

Fyrirtækjasöfnun

Leitað var til um 1.500 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu þremur árum. Afrakstur fyrirtækjasöfnunarinnar var 1 m.kr. en árið á undan var afkoman um 1,5 m.kr.

Rekstur Hamrahlíðar 17

Útleiga á húsnæði

Tekjur Blindrafélagsins af útleigu húsnæðis á árinu 2023 voru 70,5 m.kr. á móti 65,3 m.kr. árið á undan.

Starfsemi í Hamrahlíð 17 er eftirfarandi:

1. hæð: Augnlæknar Reykjavíkur vegna Optic Reykjavík og Blindravinnustofan ehf. Auk þess eru skrifstofur Blindrafélagsins á hæðinni.
2. hæð: Augnlæknar Reykjavíkur. Félagsheimili Blindrafélagsins er einnig á hæðinni og salur sem leigður er út til félagsmanna.
3. og 4. hæð: 20 leiguíbúðir í langtímaleigu fyrir félagsmenn, tvær gestaíbúðir og tvö gestaherbergi til útleigu fyrir félagsmenn og ættingja þeirra til skemmri dvalar.

Var nýtingin sem hér segir:

Íbúð 401 (gestaíbúð): 42%

Íbúð 309 (gestaíbúð): 38%

Íbúð 304 (gestaherbergi): 23%

Íbúð 404 (gestaherbergi): 11%

Stækkun Hamrahlíðar 17

Framkvæmdir hófust í mars 2023 og er reiknað með því að búið verði að reisa 6. hæðina í lok ágúst á þessu ári. Nýja hæðin verður um 500 fm. Tilgangurinn með hækkuninni er að skapa Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni meira rými sem og Augnlæknum Reykjavíkur en einnig að fá Hljóðbókasafn Íslands í Hamrahlíðina.

Áhersluverkefni og ferðapjónusta

Ferðapjónusta

Í lok ársins 2023 voru 730 einstaklingar með ferðapjónustusamning

Sveitarfélag	Fjöldi ferða
Afsláttarkorthafar	1.540
Akureyrarbær	1.026

Bláskógabyggð	9
Fjarðabyggð	40
Garðabær	1.273
Hafnarfjarðarkaupstaður	2.759
Hveragerðisbær	2
Ísafjarðarbær ferðir í Reykjavík	47
Kópavogsbær	6.311
Kópavogsbær A korthafar	2.646
Mosfellsbær	1.488
Reykjavíkurborg	30.694
Seltjarnarnesbær	515
Seltjarnarnesbær A korthafar	381
Stykkishólmsbær	20
Sveitarfélagið Árborg	302
Sveitarfélagið Hornafjörður	2
Vestmannaeyjabær	145
Samtals	49.200

Réttindagæsla

Eins og undanfarin ár hefur Blindrafélagið aðstoðað félagsmenn við að gæta eða sækja réttindi sem þeim kann að vera neitað um. Auk þátttöku formanns og framkvæmdastjóra félagsins hefur í sumum tilvikum þurft að kalla til lögmann félagsins. Í slíkum tilvikum kemur lögmaður félagsins fram fyrir hönd félagsmanns og því hefur félagið ekki verið beinn málsaðili. Mjög góður árangur hefur náðst í þessari réttindagæslu og hafa mál sem snúa að ferðaþjónustu, rétti til örorkubóta og húsnæðismálum verið leyst á farsælan máta fyrir félagsmenn.

Alþjóðasamstarf

Blindrafélagið tekur virkan þátt í norrænu samstarfi blindrasamtakanna. NSK sem er samstarfsnefnd norrænu blindrasamtakanna heldur tvo til þrjá fundi árlega, af þeim einn á staðnum og tvo rafrænt. Einnig tekur ungmennanefnd og jafnréttisnefnd þátt í starfinu undir stjórn NSK.

Blindrafélagið tekur einnig þátt í starfi European Blind Union (EBU), World Blind Union (WBU) og Retina International (RI). Innan EBU starfa tölvupóstahópar um margs konar hagsmuni, m.a. jafnréttismál, aðgengi, menningu og sjónskerðingu (low vision) og hafa starfsmenn og félagsmenn tekið þátt í starfi þessara hópa, m.a. á rafrænum fundum.

Tæknimál og tækniráðgjöf

Félagið fylgist með þróun í tækni og tólum sem eru hugsuð fyrir blinda og sjónskerta notendur.

Félagsmönnum er velkomið að leita sér aðstoðar hjá félaginu fyrir hin ýmsu tölvu- og tæknimál og það sem þá vantar hjálp með. Mikil samvinna er með Sjónstöðinni (ÞPM) og er markmiðið að veita félagsmönnum alla þá aðstoð sem þá vantar fyrir sína daglegu notkun tölva og tækja.

Talgervilsraddirnar Karl og Dóra

Blindrafélagið er enn að úthluta talgervilsröddunum Karli og Dóru til allra þeirra einstaklinga sem ekki geta lesið með edlilegum hætti. Einnig er hægt að kaupa raddirnar hjá Blindrafélaginu.

Vefvarp Blindrafélagsins

Við höfum haldið áfram að bæta inn nýju efni í Vefvarpið. Fleiri vefsíður hafa verið settar inn eftir óskum notenda og stöðugt bætast við íslenskir hlaðvarpsþættir. Hægt er að nálgast yfir 40 íslenska vinsæla hlaðvarpsþætti í Vefvarpinu og við hvetjum fólk til að láta okkur vita ef það veit um hlaðvarp sem það vill geta hlustað á í tækinu.

Opið hús Blindrafélagsins er sent út í beinni útsendingu, tvisvar í viku, fyrir þau sem ekki sjá sér fært að mæta í Hamrahlíð 17. Þau sem missa af beinu útsendingunni eða vilja hlusta aftur á eldri viðburði geta þá hlustað á upptökur frá Opnu húsi í Vefvarpinu.

Enn fremur hafa sjónlýsingar frá landsleikjum Íslands í fótbolta verið í beinni útsendingu í Vefvarpinu fyrir þau sem ekki geta mætt á völinn til að hverja landsliðið áfram.

Vefpula

Blindrafélagið hefur haldið áfram samstarfi sínu við hollenska tæknifyrirtækið ReadSpeaker varðandi rekstur og kynningu á íslensku vefpulunni og fjöldi vefja sem nýta sér hana heldur áfram að vaxa. Vefpulan er eitt þeirra verkfæra sem þjónustar að stærstum hluta fólk sem er ekki félagsmenn Blindrafélagsins, t.d. lesblinda og fólk sem er ekki með íslensku sem sitt fyrsta tungumál.

Máltækniáætlun

Blindrafélagið hefur lagt sitt af mörkum í starfsemi Almennaróms og íslensku máltækniáætlunarinnar. Félagið hefur verið í ráðgjafahlutverki og gert prófanir á nýjum íslenskum talgervilsröddum sem og öðrum lausnum tengdum máltækni.

Út er komin skýrsla fyrir máltækniáætlun 2 fyrir áframhald á rekstri, nýsköpun og viðhaldi máltæknilausna og gervigreindar tengda máltækni. Blindrafélagið mun halda áfram að koma sínum áherslum á framfæri.

Símarómur

Grammatek hefur útbúið nýja útgáfu af íslenskum röddum fyrir Android-snjallsíma í gegnum forritið Símaróm. Raddirnar hafa farið í gegnum prófanir með Blindrafélaginu og virka þær ágætlega fyrir skjálestur. Raddirnar eru aðgengilegar öllum og hægt að sækja Símaróm í gegnum Android Play. Raddirnar í Símarómi eru góð viðbót við íslensku röddina Önnu frá Google sem einnig er nothæf og aðgengileg í Android-stýrikerfinu. Símarómur veitir ákveðið öryggi ef það skyldi gerast að Google hætti að styðja við Google Önnu einhvern tímann í framtíðinni.

BlindShell-farsímar

Blindrafélagið hefur unnið náíð með fyrirtækinu Matapo sem er framleiðandi BlindShell-farsíma fyrir blinda og sjónskerta. Símararnir hlusta og tala á íslensku og hafa áþreifanlegt talnaborð. Símararnir bjóða upp á margt sem almennir snjallsímar gera, eins og veita upplýsingar um veður, aðgang að tölvupósti og dagatali og margt fleira. Einnig er hægt að nota mörg snjallsímaforrit eins og Spotify, YouTube, WhatsApp o.fl.

Blindrafélagið hefur þýtt viðmót símans og unnið með Matapo til að koma símanum hingað á markað. Áfram verður haldið að þróa og íslenska aðgerðir í símanum og vonumst við til að hann geti stutt íslensk rafræn skilríki í framtíðinni, en þau virka því miður ekki eins og er.

Símararnir eru til sölu í verslun Blindrafélagsins og er hægt að fá annað hvort svarta eða rauða síma.

NaviLens

Blindrafélagið heldur áfram samstarfi við NaviLens, sem er tækni sem virkar á svipaðan hátt og QR-kóðar. Umboðið fyrir NaviLens á Íslandi er Reykjavík Marketing og vinnur Blindrafélagið náíð með því fyrirtæki í nokkrum verkefnum.

NaviLens-kóðana er mögulegt að greina úr 12 sinnum meiri fjarlægð en QR-kóða í sömu stærð. Um spennandi verkefni er að ræða þar sem þessi lausn gæti reynst blindum og sjónskertum sérlega vel þegar kemur að aðgengi að stórum og flóknum rýmum. Í janúar 2023 var tilkynnt um samstarf Blindrafélagsins og Strætós um uppsetningu á NaviLens á öllum stoppistöðvum Strætós. Þetta verkefni er enn í vinnu en vonast er til að verkefninu verði lokið fyrir árslok 2024.

Mötuneyti Blindrafélagsins

Árið 2023 seldust 5438,5 máltíðir sem er 320 máltíðum meira en árið áður.

Í 62 Opnum húsum seldust 614 kaffiskammtar.

Gestir í boði umsjónarmanna voru 60 og fjórir komu nýir inn og þeim var kynnt starfsemi Opins húss.

Þegar hugað er að eldhúsi félagsins þarf að hafa í huga hvernig uppbygging mötuneytis er, með tilliti til aðstöðu og aðbúnaðar sem er til staðar í eldhúsi, sem og fyrirkomulag og skipulag í matsal þannig að allt gangi sem best og þægilegast fyrir sig á mestu álagstímunum.

Vinnuaðstaðan er mjög góð, keyptur var nýr frystir sem gerir innkaup mun hagkvæmari.

Í starfinu eru ráð sem heilbrigðiseftirlit og manneldisráð mæla með og hvetur matartæknir einnig aðra til að fylgja þeim eftir. Fylgt er þeim reglum sem settar eru upp í heilbrigðismálum, en þar eru dagleg þrif stór þáttur í starfi matartækni sem og eftirlit með geymslum fyrir hráefni, s.s. kæli, frysti og þurrgeymslu. Einnig er gæðaeftirlitskerfinu GÁMES fylgt og farið eftir því. Því er farið vandlega yfir þær vörur sem berast í eldhúsið. Kannað er ástand þeirra, þakningar, flutningar og meðhöndlun.

Með þetta að leiðarljósi er ávallt leitast við að hafa úrvalshráefni til meðhöndlunar. Einnig er mikilvægt að vera í mjög góðum samskiptum við birgja, bæði hvað varðar verð og gæði.

Stefnan er því sú að fylgja ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og manneldisráðs, en þær fela í sér hollt, næringarríkt og heilsusamlegt fæði og að allir fái bestu gæði og hollustu sem völ er á hverju sinni.

Útgáfa og upplýsingaflæði

Eins og fyrr hefur félagið haldið uppi öfluggu upplýsingaflæði til félagsmanna og almennings.

- Við streymum flestum viðburðum og öllum fundum í Vefvarpið.
- Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kemur út tvisvar á ári.
- Hljóðbrot, hljóðtímarit Blindrafélagsins, kemur að jafnaði út mánaðarlega og er aðgengilegt á miðlum félagsins og í hlaðvarpsveitum.
- Fréttabréf Blindrafélagsins kemur að jafnaði út á föstudögum.

- Heimasíðan er mikilvægur vettvangur, auk þess að vera gátt fyrir vefverslun Blindrafélagsins.
- Fésbókarsíða og Instagram félagsins er mikilvægt tól til að miðla upplýsingum um starfsemi félagsins til almennings.

Hljóðbrot

Hljóðbrot, hlaðvarp Blindrafélagsins, er gefið út mánaðarlega og er útgáfudagur alltaf síðasti föstudagur í hverjum mánuði. Umsjónarmenn Hljóðbrots eru þeir Eyþór Kamban Þrastarson og Hlynur Þór Agnarsson. Síðastliðið haust bættist Már Gunnarsson í hópinn og er með innslög í þáttunum. Í Hljóðbroti er ávallt leitast við að skapa þægilegt andrúmsloft og valin viðfangsefni sem höfði til breiðs hóps, bæði innan og utan raða félagsfólks Blindrafélagsins. Dæmi um umfjöllunarefni þáttanna á síðasta ári eru umfjöllun um Halldór Rafnar í tilefni 100 ára fæðingarafmælis hans, umfjöllun um hæfingu og endurhæfingu blindra og sjónskertra með viðtali við Brynju Arthúrsdóttur, innlit í félagsstarf Blindrafélagsins, umfjöllun um gervigreind og ýmsar tækninýjungar og nærmynd af félagsmönnum. Hljóðbrot er aðgengilegt í öllum helstu streymisveitum, s.s. Spotify, Google Podcast og Apple Podcast, sem og í Vefvarpi Blindrafélagsins.

Víðsjá

Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kom að vanda út tvisvar á árinu 2023. Um leið og Víðsjá er mikilvæg sem mál gagn Blindrafélagsins er blaðið einnig mikilvægt fjáröflunarverkfæri. Ritstjóri Víðsjár á árinu var Friðrik Steinn Friðriksson.

Félagsmál og jafningjastuðningur

Félagsmálafulltrúi og trúnaðarmenn

Félagsmenn Blindrafélagsins eru nú 738 talsins. Frá byrjun maí 2023 til 1. mars 2024 hafa 79 manns bæst í hópinn. Trúnaðarmenn fá upplýsingar um sína skjólstæðinga og hafa samband við þá eins fljótt og hægt er. Þjónusta félagsins, m.a. ferðaðjónusta blindra, ókeypis aðgangur að 1818 og félagsstarf innan Blindrafélagsins, er einnig kynnt.

Haldin eru erindi fyrir tilvonandi leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd. Kennt er einu sinni í mánuði og hefur þátttakendum á námskeiðinu fjölgað mikið að undanfögnu, jafnvel það mikið að við og við eru haldin aukanámskeið. Sagt er frá Blindrafélaginu, ferðaðjónustu blindra og leiðbeint hvernig best sé að aðstoða blinda og sjónskerta. Nemendur koma oft með góðar spurningar og eru ánægðir með að þetta sé í boði.

Trúnaðarmenn

Trúnaðarmenn hafa reglulega samband við skjólstæðinga sína og er almenna reglan sú að þeir hringja tvisvar á ári. Trúnaðarmenn veita stuðning á jafningjagrunni. Lítil hópur félagsmanna, m.a. einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimilum eða einir, fær þó hringingu oft frá trúnaðarmanni sínum. Yngri félagsmenn afþakka frekar þessa þjónustu eða biðja um símhringingu einu sinni á ári. Trúnaðarmenn benda fólki á ýmis bjargráð, m.a. sálfræði- og félagsráðgjafarþjónustu hjá Sjónstöðinni. Trúnaðarmenn eru þau Dagný Kristmannsdóttir, Helga Friðriksdóttir og Jón Helgi Gíslason.

Félagsstarfið

Opið hús

Opið hús er fastur liður í félagslífi Blindrafélagsins og mikilvægur hornsteinn fyrir fastagesti þess. Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap. Í Opnu húsi á fólk góðar stundir saman yfir kaffibolla og nýtur þess sem dagskráin kann að bjóða upp á hverju sinni, m.a. söngs, upplestrar, tónlistar og gamansagna. Reyndin hefur verið sú að stærstur hluti gesta Opna hússins er eldra fólk en þó mætir þangað fólk á ýmsum aldri. Síðastliðið ár hefur aðsókn að Opnu húsi á þriðjudögum og fimmtudögum verið að meðaltali 12–15 manns. Opið hús var eins og áður á þriðjudögum og fimmtudögum í salnum okkar á 2. hæð. Áfram héldum við með beinar útsendingar í gegnum Vefvarp Blindrafélagsins ásamt því að hafa aðgengilegar upptökur af eldri Opnum húsum hvenær sem hentar fólki að hlusta. Upptökur af Opnu húsi hafa verið mjög vinsælar og auka einnig möguleika þeirra sem ekki búa á höfuðborgarsvæðinu eða eiga ekki heimangengt. Umsjónarmenn Opna hússins voru Jónína Herborg Jónsdóttir, Steinunn Helgu Hákonardóttir og Anna Sigríður Helgadóttir, Unnar Þór Reynisson, Kaisu Kukka-Maaria Hynninen. Einnig komu þau Þorkell Steindal, Ingunn Jensdóttir og 67+ nefndin inn sem gestaumsjónarmenn. Félagsmálafulltrúi hefur umsjón í afleysingum og fær skemmtikrafta til að taka að sér eitt og eitt Opið hús inn á milli. Lára Kristín Lárusdóttir hefur yfirumsjón með starfseminni og samræmdri dagskrá.

Opið hús fer reglulega yfir árið í ferðir og heimsóknir. Þetta árið var farið í ferð þar sem byrjað var á kaffisopa og ástarpungum í Geirabakaríi í Borgarnesi áður en haldið var í heimsókn á Geitasetrið. Dagurinn endaði á dýrindis kvöldverði á Hótel Hamri í Borgarnesi áður en haldið var heim á leið.

Árið 2023 voru í tvígang haldin sérstök afmælistengd Opin hús þar sem Gísli Helgason stýrði dagskrá. Í ársbyrjun var dagskrá tileinkuð Halldóri Rafnar, fyrrverandi formanni og framkvæmdastjóra Blindrafélagsins, sem hefði orðið 100 ára árið 2023. Í árslok var síðan haldið Opið hús sem var tileinkað

minningu Rósu Guðmundsdóttur, eins stofnenda Blindrafélagsins, sem einnig hefði orðið 100 ára á árinu.

Í ferðalögum sem og viðburðum nýtur félagsmáladeildin liðsinnis starfsmanna úr afgreiðslu og eldhúsi félagsins, bæði við undirbúning og framkvæmd. Opið hús á laugardögum er haldið að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum yfir starfsárið. Félagsmálafulltrúinn hefur ávallt umsjón með dagskránni á laugardögum og fær skemmtilega gesti til að vera með fræðslu og tónlistaratriði. Dagskráin hefst með fræðsluerindi en á eftir því er framreiddur heitur matur áður en deginum lýkur, ýmist með tónlistardagskrá eða bara góðu kaffispjalli. Á starfsárinu var Opið hús á laugardegi haldið tvisvar sinnum.

Foreldradeild

Í júní fóru elstu börnin í foreldradeildinni í flúðasiglingu með félögum úr Ungblind. Sú ferð heppnaðist mjög vel.

Haldið var áfram með spunaspilakvöldin Drekar og dýflissur aðra hvora viku frá lokum september. Einnig voru haldin nokkur almenn spilakvöld með ýmis borð- og kortaspil. Hægt var að prófa símahugbúnaðinn RetinAid Tabletop. Forritið sjónlýsir spilum og er ætlað að veita blindum og sjónskertum betra aðgengi að hinum ört stækkandi heimi fjölbreyttra spila. Forritið var formlega tekið í notkun í febrúar 2024.

Hin hefðbundna jólaskemmtun foreldradeildar og sjóðsins Blind börn á Íslandi var haldin 25. nóvember. Dansað var í kringum jólatré og fönðrað jólaskraut.

Harpa bauð félögum í foreldradeild á ýmsa viðburði, m.a. á trommunámskeið og hlustunarratleik í Hörpu, þar sem farið var í gegnum ýmsa tónleikasali og ganga Hörpu í skemmtilegri leit að tónlistarfólki sem faldi sig hér og þar.

Skemmtinefnd

Sumarskemmtun var haldin ásamt sjóðnum Blind börn á Íslandi. Tókst ákaflega vel til.

Haustfagnaður var haldinn 21. október sem var Bítlakvöld. Jólahaðborð var haldið 3. desember. Dagbjört Andrésdóttir og Kristín Stefánsdóttir sungu og Hlynur Þór lék undir. Góð mæting var á alla viðburði.

[Bókmenntaklúbbur](#)

Bókmenntaklúbburinn hittist sem fyrr tvisvar í mánuði í vetur frá 3. október 2023 til 7. maí 2024. Hist er fyrsta og þriðja þriðjudag í hverjum mánuði kl. 15–16:30 í fundarherberginu á 2. hæð.

Lesnar voru m.a. þessar bækur: DJ Bambi, höfundur Auður Ava Ólafsdóttir, Vordagar í Prag, höfundur Þorsteinn Jónsson, Kletturinn, höfundur Sverrir Norland, og Líkið í bókastofunni, höfundur Agatha Christie.

Hópurinn átti ánægjulegar samverustundir og skipst var á ólíkum skoðunum um bækurnar.

Sem fyrr veitti Hulda Pétursdóttir, starfsmaður á Hljóðbókasafninu, bókmenntaklúbbnum frábæra þjónustu.

Umsjón með bókmenntaklúbbnum hefur: Brynja Arthúrsdóttir.

[Sjónlýsingar](#)

[Sjónlýsingarvika](#)

Blindrafélagið stóð fyrir sjónlýsingarviku dagana 10.–16. október þar sem boðið var upp á sjónlýsta menningarviðburði líkt og á íþróttaviðburðum, kvikmyndum, listsýningum og fleiri menningarviðburðum. Vonast er til að hægt sé að halda áfram þessari mikilvægu vinnu, t.d. með því að sjónlýsa einhverri nýrri íslenskri kvikmynd um leið og hún kemur í sýningu í landinu.

[Sjónlýsingar á landsleikjum Íslands í fótbolta](#)

20. september 2023 gerðu Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) og Blindrafélagið samkomulag um að koma á sjónlýsingum á landsleikjum Íslands á Laugardalsvelli fyrir bæði A-landslið karla og kvenna. Sjónlýsing var í boði á leikjum landsliðanna það sem eftir var árs 2023. Félagsmenn Blindrafélagsins fengu boðsmiða á leikina fyrir sig og aðstoðarmann og voru leikirnir ágætlega sóttir. Verkefnið heppnaðist mjög vel og vonast er til að verkefninu verði haldið áfram, en enn á eftir að ganga frá samningi um það.

[Heilsuklúbbur Blindrafélagsins](#)

Heilsuklúbbur Blindrafélagsins hefur verið starfandi frá hausti 2019. Starfsemi klúbbsins samanstendur af styrktaræfingum, jóga og slökun sem er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 16:30–18:15. Virkir iðkendur í salnum eru um 10–12 manns og einn til tveir hundar.

Umsjón með heilsuklúbbnum hefur: Kristín Sjöfn Valgeirsdóttir jógakennari.

[Skiðaferð](#)

Farið var í gönguskiðaferð á Drangsnæs 18.–20. mars. 11 manns tóku þátt og æfðu sig á gönguskiðum.

[Markbolti og spaðabolti](#)

Í vetur hafa verið haldnar reglulegar æfingar í markbolta. Æfingarnar hafa verið á miðvikudögum og þátttakan hefur verið ágæt. Spaðaboltaborð í eigu félagsins er staðsett í Hamrahlíðinni. Æfingar í markbolta og spaðabolta gefa öllum aldurshópum tækifæri til að taka þátt í íþróttum sem hönnuð er sérstaklega fyrir blint og sjónskert fólk en allir geta spilað sem jafningjar. Umsjón með markboltanum hafa: Kaisu Hynninen og Halldór Sævar Guðbergsson.

[Molar og kaffi](#)

Blindrafélagið og Sjónstöðin hafa boðið blindu og sjónskertu fólk að koma í kaffispjall á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 10–12 í Hamrahlíð 17 á 2. hæð. Tilgangur samverunnar er fyrst og fremst að skapa vettvang til að hitta aðra í svipaðri stöðu, deila reynslu og spjalla.

[Prjónakaffi](#)

Prjónakaffið er haldið á þriðja þriðjudegi mánaðar frá september fram í maí kl. 17–19. Mætingin hefur verið góð.

Umsjón með prjónakaffinu hefur: Lilja Sveinsdóttir.

[Retina Ísland](#)

Retina Ísland er vettvangur fólks með arfgenga hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu og aðstandendur þeirra. Áherslan er á fræðslu og jafningjastuðning og að fylgjast með vísindarannsóknum sem miða að því að finna meðferðir við þessum sjúkdómum og miðla upplýsingum til félagsmanna. Retina Ísland tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi innan Retina International (RI) og á samstarfsvettvangi norrænu systursamtakanna.

Árlegur samráðsfundur norrænu RP-félaganna og deilda var haldinn 2023 í Lillehammer í Noregi. Á þessum vettvangi er upplýst um helstu áskoranir og verkefni sem verið er að vinna að í hverju landi og aðrir geta lært af, auk þess að fræðast um nýjar og væntanlegar meðferðir sem eru til rannsóknar á arfgengum hrörnunarsjúkdómum í augnbotnum.

Samstarfsaðilar innanlands

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild eða aðkomu að starfsemi og stjórnnum eftirfarandi samtaka, sjóða og stofnana:

- Almannaheill, samtök þriðja geirans,
- Almennarómur,
- Hjúkrunarheimilið Eir,
- Hljóðbókasafn Íslands,
- Margrétarsjóður,
- Sjóðurinn Blind börn á Íslandi,
- Stuðningur til sjálfstæðis, styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins,
- Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur,
- Tölvumiðstöð fatlaðra,
- Sjónstöðin,
- Öryrkjabandalag Íslands.

Lokaorð formanns

Það er óhætt að segja að undanfarin misseri hafi verið tími stórframkvæmda hjá Blindrafélaginu og stækkun Hamrahlíðar 17 hefur, ásamt tengdum viðhaldsverkefnum, óneitanlega sett svip sinn á líf þeirra sem þar búa og starfa. Nú hillir undir verklok og er stefnt að afhendingu 6. hæðarinnar á afmæli Blindrafélagsins í ágúst. Aukið rými er kærkomin viðbót sem styrkir stöðu Hamrahlíðar 17 sem þjónustukjarna fyrir blint og sjónskert fólk öllum til heilla. Verkið hefur gengið samkvæmt áætlun og sömuleiðis hefur rekstur Blindrafélagsins og Blindravinnustofunnar gengið vel á árinu. Farsælt félagsstarf og góður árangur kemur ekki af sjálfu sér. Stjórn og félagsmönnum Blindrafélagsins ásamt starfsfólki félagsins og Blindravinnustofunnar þakka ég af alhug fyrir sitt mikilvæga framlag og heilladrjúg störf í þágu blindra og sjónskertra á Íslandi.

Samstarfsaðilum Blindrafélagsins þakka ég farsæla samvinnu í gegnum tíðina og sömuleiðis þakka ég velunnurum félagsins kærlega fyrir dýrmætan stuðning og vinarhug í verki.

Jafnrétti, sjálfstæði, umburðarlyndi og virðing eru þau gildi sem Blindrafélagið hefur valið sér að leiðarljósi. Þau er gott að hafa í huga í dagsins önn.

Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins,
Sigþór U. Hallfredsson

Aðrar skýrslur

Blindravinnustofan

Blindravinnustofan var stofnuð árið 1941 og er vinnustofan einkahlutafélag sem er að fullu í eigu Blindrafélagsins. Blindravinnustofan hefur frá stofnun gegnt mikilvægu hlutverki í atvinnumálum blindra og sjónskertra á Íslandi. Markmiðið með starfrækslu hennar er að veita blindum og sjónskertum einstaklingum atvinnu, þjálfun og endurhæfingu til annarra starfa. Hjá Blindravinnustofunni starfa um 30 einstaklingar, þar með taldir rekstrarstjóri, verkstjóri og leiðbeinandi. Starfsemin er í gangi alla virka daga ársins og vinna starfsmenn ýmist á morgun- eða síðdegisvöktum.

Rauði þráðurinn í starfsemi **Blindravinnustofunnar** felst í innflutningi á hreingerningavörum til þökkunar og endursölu undir vörumerki Blindravinnustofunnar. Helstu viðskiptalönd Blindravinnustofunnar eru Þýskaland, Bretland, Svíþjóð, Kína og Bangladess. Vörurnar eru m.a. seldar í matvöruverslunum, í apótekum og á bensínstöðvum. Önnur starfsemi Blindravinnustofunnar er til að mynda ljósmyndaskönnun, vörumerkingar og ýmis þökkunarþjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Starfsemi Blindravinnustofunnar gekk vel á árinu. Söluaukning var á milli ára og ágætlega tókst að mæta verð- og kostnaðarhækkunum frá birgjum og þjónustuaðilum. Þessir þættir ásamt öfluggu starfsfólki skiluðu jákvæðri niðurstöðu fyrir vinnustofuna og var hagnaður af rekstri Blindravinnustofunnar.

Sjónstöðin

– Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu

Mikið var um að vera hjá Sjónstöðinni á árinu 2023. Ekki síst tengdist það framkvæmdum á húsnæði stofnunarinnar, en að vori hófst bygging 6. hæðar á núverandi húsnæði. Fyrirhugað er að Sjónstöðin flytji á 6. hæðina, sem verður hönnuð eftir þörfum stofnunarinnar. Til stendur að afhenda nýju hæðina í ágúst 2024 og ef samkomulag næst mun Sjónstöðin færa sig upp um eina hæð, en frá upphafi hefur hún verið staðsett á 5. hæð í húsi Blindrafélagsins.

Þar sem um mikla framkvæmd er að ræða hefur þetta haft mikil áhrif á starfsemi Sjónstöðvarinnar. Þegar framkvæmdirnar voru skammt á veg komnar fór að leka inn á hæðina og ekki var starfhæft meðan unnið var að lagfæringum. Til að sem minnst röskun yrði á starfseminni bauð Blindrafélagið upp á tímabundna lausn með því að bjóða upp á starfsaðstöðu á 2. hæð hússins. Hluti starfseminnar var því fluttur þangað en ákveðinn hluti starfseminnar var áfram á 5. hæð. Þetta tímabil varði frá apríl fram til loka september. Blindrafélagið brást hratt við og hóf viðgerðir á 5. hæðinni þannig að hægt væri að færa starfsemina aftur. Það tókst að halda starfseminni opinni allan þann tíma með samheldni starfsfólks og lítil sem engin röskun varð á þjónustu stofnunarinnar.

Ákveðið var að breyta fyrirkomulagi bókana á ráðgjafa og farið í tilraun með að þegar notendur bókuðu tíma fengju þeir fyrst símtal frá ráðgjafanum sem þeir væru að hitta. Þetta var gert til að ráðgjafinn yrði betur undirbúinn að taka á móti notandanum og gæti gefið viðeigandi tímalengd. Einnig var markmiðið að stytta tímunn sem notendur þurfa að vera inni hjá ráðgjafa. Áður tók koma til ráðgjafa um tvær klukkustundir sem tók mikla orku hjá notanda. Með þessu höfum við náð að stytta heimsóknina umtalsvert og hefur þetta gefið góða raun bæði hjá ráðgjöfum og notendum.

Einnig höfum við boðið upp á fjarþjónustu, þ.e. að fólk getur bókað tíma í endurkomu hjá ráðgjafa með myndsímtali. Þetta tilboð hefur ekki verið nýtt. Það má ætla að sá hópur aldraðra sem er nú í þjónustu sé ekki tilbúinn í þennan möguleika sem tæknin býður upp á. Ætla má þó að næsta kynslóð sjái tækifærin í þessu þjónustutilboði.

Notendur Sjónstöðvarinnar í lok árs 2023 voru um 1720 einstaklingar. Þar af voru 210 börn á aldrinum 0–18 ára, um 400 einstaklingar á aldrinum 18–67 ára, og 1110 voru 67 og eldri. Hér er skemmtilegt að rifja upp að þegar stofnunin tók til starfa árið 2010 voru tæplega 1300 manns á skrá.

Það er margt sem getur valdið sjónskerðingu eða blindu; augnsjúkdómar eða aðrar heilsufarslegar orsakir. Einstaka greiningar skera sig þó úr varðandi fjölda. Af notendum Sjónstöðvarinnar eru 860 notendur greindir með aldurstengda augnbotnahrörnun (AMD), 95 með gláku sem fyrstu greiningu og 110 með RP eða sjónukyrkingu.

Af þeim sem eru með AMD eru 478 í sjónskerðingarflokki 0-1 (sjónskerðing) og 382 lögblindir eða blindir (flokkur 2-9).

Af hópnum sem er með RP eru 25 í sjónskerðingarflokki 0-1, 33 í lögblinduflokki 2, 35 í blinduflokki 3, 14 í blinduflokki 4 og þrjú í blinduflokki 5.

Af börnum eru 66 með heilatengda sjónskerðingu, eða 32%, 15 eru í sjónskerðingarflokki 1, þrjú í lögblinduflokki 2 og 37 í lögblinduflokki 9, tvö í blinduflokki 4.

Með aldurstengda samþætta sjón- og heyrnarskerðingu eru 189, einstaklingar með síðbúna samþætta skerðingu eru 43 og með meðfædda sjón- og heyrnarskerðingu 51 einstaklingur.

Alls voru afhentir sex leiðsöguhundar á árinu 2023. Þrír þeirra komu nýir frá Svíþjóð en svo var um þrjár endurúthlutanir að ræða. Til að afhenda flesta af hundunum komu leiðsöguþjálfarar frá Svíþjóð, en það hefur gefið góða raun að þau sem þjálfu hundana afhendi þá líka.

Fjöldi úthlutaðra hjálpartækja í lok árs 2023 var 2136, sem er mikil fjölgun frá árinu á undan, en þá var úthlutað 1662 hjálpartækjum. Úthlutað var 55 stækkunartækjum og af þeim voru 24 Iris vision live tæki.

Á árinu 2023 var skráð 991 pöntun vegna þjónustu við aðlögun á textaefni þ.e. efni yfirfært á stækkað letur, punktaletur eða rafrænt. Þetta er fækkun á pöntunum frá árunum á undan en það skýrist helst af því að færri nemendur í háskólanámi nýta sér þjónustu Sjónstöðvarinnar. Þó ber að hafa í huga að pantanir fyrir háskólanema geta sveiflast milli ára, þar sem það nám sem nemandi er í og tækniþekking getur haft mikil áhrif á fjölda pantana. Pantanir geta verið misjafnlega stórar; allt frá einni blaðsíðu upp í heila bók, og því ekki alltaf besti mælikvarðinn að fara eftir fjölda pantana. Alls nýttu 55 einstaklingar sér þjónustuna í mismiklum mæli. Flestar pantanir eru vegna grunnskóla og flestar pantanir fara út í tölvutæku formi, þ.e. eru settar upp í MS Word og/eða pdf til að hægt sé að nýta talgervil við lestur.

Alls voru afgreiddar 98 útprentaðar pantanir á punktalettri, allt frá jólakorti upp í rúmlega 1000 blaðsíðna skáldsögu.

Virðingarfyllst,

Elfa Svanhildur Hermannsdóttir, forstjóri

Hljóðbókasafnið

Eins og áður var mest áhersla lögð á að sinna kjarnastarfsemi safnsins, að velja bækur sem gera á aðgengilegar og sjá um lestur og miðlun á þeim. Framleiðsla á hljóðbókum gekk ágætlega en þó er áhyggjuefni að bókartitlum fer ívið fækkandi hjá okkur á milli ára sem skýrist af hækkun á öllum gjaldaliðum eins og rekstri tölvukerfa, hýsingu og hækkun á taxta lesara. Brugðist var við þessu með hagræðingu í rekstri og með því að óska eftir viðbótarframlagi frá ríki sem nýtt verður í ár í nauðsynlegar uppfærslur á tölvukerfum og búnaði.

Það fer ekki framhjá neinum að miklar breytingar eru að verða í tækni og gervigreind og safnið tekur þátt í máltækniáætlunarverkefni ríkisins til að tryggja að íslensk tunga nái að einhverju leyti að halda í við þessa þróun. Breytingarnar gerast hratt og sjálfvirknivæðingin virðist alls ráðandi.

Að ýmsu leyti er þetta jákvæð þróun en það eru þó ekki allir sem geta nýtt sér tæknina eða fylgt henni eftir. Hljóðbókasafni Íslands ber að leggja áherslu á að þjóna ólíkum hópum og passa upp á að aðdáun og ofuráhersla á tæknilausnir útiloki ekki þá sem ekki geta nýtt sér slíkar lausnir eða kjósa að nýta sér annars konar miðlunarleiðir. Í raun má tala um að safnið hafi fengið nýtt hlutverk sem er þá að finna jafnvægið á milli þess að fylgjast vel með tækni og nýjum lausnum og verja um leið þann hóp sem þarf annars konar þjónustu. Þannig leggur safnið t.d. áherslu á að fækka geisladiskum enda alltaf fleiri og fleiri sem kjósa að nota fremur rafrænar miðlunarleiðir en um leið þarf að huga sérstaklega að þeim sem þurfa geisladiska og tala máli þeirra á tækni- og úrbótafundum. Geisladiskanotkun safnsins hefur á fimm árum farið niður um 52% og er því í góðu samræmi við breytingar samfélagsins.

Safnið kaupir nú fleiri hljóðbækur beint af útgefendum og gerir þær þannig úr garði að þær rími við starfsemina. Árið 2023 voru 24% nýrra hljóðbóka sem komu inn í safnið keypt af útgefendum. Ekki er búist við að þessi tala haldi endilega áfram að hækka enda eru forsendur safnsins hvað varðar val á efni allt aðrar en markaðarins.

Safnið nýtur þess að vera í góðu samstarfi við systurstofnanir á Norðurlöndum og var lærdómsríkt fyrir forstöðumann að dvelja hjá sænska hljóðbókasafninu MTM (Myndigheten för tillgängliga medier) í tvær vikur í nóvembermánuði. Þá sóttu tveir starfsmenn námskeiðið „Þjónusta við fólk með skerta sjón“ á vegum Sjónstöðvarinnar.

Í aprílmánuði tóku starfsmenn Hljóðbókasafnsins þátt í sameiginlegri ráðstefnu norrænu hljóðbókasafnanna *Include! 2023* í Malmö. Þar var fjallað um aðgengi að prentefni og bókum og sérstaklega hvernig útgefendur þurfa að undirbúa sig fyrir breytingar á bókamarkaði. Þarna komu saman um 150 sérfræðingar til að fræðast

um miðlun bóka til þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða glíma við lestrarörðugleika. Fjallað var um almennar aðgengiskröfur og reglur Evrópusambandsins um gott aðgengi að skjátexta, hvernig bókaforlög geta gert eldri bækur aðgengilegar og hvaða tól og tæki útgefendur geta nýtt sér til að auðvelda vinnu við útgáfu á aðgengilegu lesefni.

Samstarf við norrænu söfnin er ómetanlegt fyrir lítið safn eins og Hljóðbókasafnið og hefur skilað sér á fjölmörgum sviðum í bættri þjónustu og auknu hagræði. Söfnin hafa í sameiginlegri yfirlýsingu lýst því yfir að allir þurfi aðgang að upplýsingum og óheft tækifæri til samskipta til að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í samfélaginu. Þetta er kjarninn í starfseminni, að búa til lausnir fyrir lesendur með lestrarhömlun.

Starfsmenn fóru í reglulegar heimsóknir til Hringsjár, náms- og starfsendurhæfingar sem ætluð er einstaklingum sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla og vilja hefja nám að nýju. Þá var farið til Akureyrar og bókasöfn, framhaldsskólar og Símei, símenntunarmiðstöð sótt heim í þeim tilgangi að koma á betri tengslum við sérkennara, námsráðgjafa og starfsmenn skóla og bókasafna.

Fyrir jólin heimsóttu tveir starfsmenn safnsins hóp bókaunnenda hjá Blindrafélaginu. Í heimsókninni var farið yfir það helsta í jólabókaflóðinu, hvað væri búið að lesa inn og hvað væri væntanlegt fyrir jólin, auk þess sem tekið var við ábendingum og skipst á skoðunum um bækur og bókatengt efni. Þetta var kærkomið tækifæri enda afar mikilvægt að heyra óskir notenda og ræða hvað gengur vel og hvað mætti betur fara.



Alltaf gaman að fá góða gesti. Kjartan Ásmundsson og Vaka Rún Þórsdóttir komu færandi hendi með konfekt fyrir síðustu jól.

Samráðshópur ræddi mögulega flutninga

Samráðshópur safnsins kom saman þrisvar á árinu en hópurinn var skipaður af ráðherra menningarmála, Lilju D. Alfreðsdóttur, árið 2022. Rósa María Hjörvar er formaður hópsins en honum er ætlað að vera forstöðumanni til ráðgjafar um stefnu og önnur málefni sem varða starfsemi safnsins. Á fundum samráðshópsins var töluvert rætt um yfirvofandi flutninga enda er húsnæði safnsins að Digranesvegi 5 til sölu. Engin niðurstaða er fyrirbyggjandi en Blindrafélagið hefur ítrekað komið óskum á framfæri við starfsmenn menningar- og viðskiptaráðuneytisins um að safnið flytji í Hamrahlíðina, í Hús Blindrafélagsins.

Með góðri kveðju og þökkum fyrir gott samstarf

Marín Guðrún Hrafnisdóttir





BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Hamrahlíð 17 - 105 Reykjavík - Sími:525 0000 - blind.is - blind@blind.is